

## Fréttasnepill úr starfi BES

**Haust 2016**



Kæru foreldrar/forráðamenn.

Skólaárið 2016 – 2017 fór vel af stað í haust. Veðrið hefur leikið við okkur, þrátt fyrir einn og einn gróðurskúr. Nemendur stunda nám af kappi og eljusemi og kennarar og starfsfólk eru á þönum liðlangan daginn enda lítil hætta á að í skólastarfi verði til leiði eða eirðarleysi. Margt hefur drifið á daga okkar í BES og tæpum við lítillaga á því í þessum snepli.

### List fyrir alla

Mennta- og menningamálaráðuneytið stendur reglulega fyrir viðburðum sem eru til þess fallnir að kynna menningu ýmiskonar. Í haust fengum við heimsókn frá þremur tónlistarmönnum undir heiti verkefnisins „List fyrir alla“ en þar var tónlist Suður-Ameríku kynnt í bland við skemmtilegan og gagnlegan fróðleik um þá heimsálfu. Mjög skemmtileg stund á sal og okkar nemendur heillaðir af viðburðinum.



### Dagur íslenskrar náttúru

Þann 16. september var dagur íslenskrar náttúru haldinn hátíðlegur hjá okkur í BES. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, heimsótti skólann og færði honum fallett reynitré sem gróðursett var við athöfn í Puríðargarði af nemendum og Magnúsi skólastjóra.



### I-Padar frá kvenfélaginu

Á skólasetningu skólans færði Kvenfélag Stokkseyrar Barnaskólanum fjórar I-Pad spjaldtölvur að gjöf. Spjaldtölvurnar voru strax teknar í gagnið og hafa nýst mjög vel í skólastarfinu. Nemendur og starfsmenn vilja þakka Kvenfélaginu rausnarlega gjöf.

### Heilsustefna BES

Barnaskólinn mun hefja formlegt starf sem Heilsueflandi grunnskóli í desember, nánar til tekið sextánda dag þess mánaðar en þá mun skólinn hengja upp veggspjald frá embætti landlæknis sem viðurkennir upphaf þess starfs. Þessa dagana er verið að safna hugmyndum nemenda og starfsmanna í heilsustefnu BES sem verður kynnt við tilefnið. Barnaskólinn óskar eftir hugmyndum foreldra sem geta nýst í heilsustefnu BES.

## Hugsað um ungbarn

Nemendur 9. bekkjar fengu á dögnum „ungabörn“ eða dúkkur sem þau áttu að annast í tvo sólarhringa. Þetta er eitt af verkefnum sem forvarnarnefnd Árborgar stendur fyrir. Þessi reynsla nemenda felur í sér tækifæri til að læra um umönnun ungbarna, gera mistök og leiðréttu þau, án þess að það hafi áhrif á raunverulegt barn. Verkefnið er forvörn til að koma í veg fyrir ótímabærar þunganir en einnig er verkefnið góð reynsla fyrir unglinginn að þurfa að setja sjálfan sig til hliðar um stund fyrir „umönnunarhlutverkið“ og geta ekki eins greiðlega gert það sem þeim kemur til hugar.

## Vígsla heilsustígs

Þann 27. október var Fjörustígur, nýr heilsustígur sem liggur á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar vígður með pomp og prakt. Það voru yngsti og elsti nemandi skólans, þau Smyrill Valsson og Krístrún Birta Guðmundsdóttir sem vígðu stíginn formlega ásamt Kjartani Björnssyni, formanni íþróttá- og menningarráðs Árborgar.



## Gamli skólinn klæddur

Þessa dagana er gamli skólinn á Stokkseyri að klæðast nýjum og fallegum búningi. Ásýnd húsnæðisins er mun fallegri og mikil tilhlökkun þegar húsnæðið verður alklætt hinum nýja bárujárnsbúningi. Það er virkilega jákvætt að skólinn fái þessa yfirhalingu enda nýtist húsnæðið mjög vel í skólalastarfi BES.

## Olweusardagurinn

Þann 8. nóvember s.l. fór fram baráttudagur gegn einelti – Olweusardagurinn. Olweusarteymi BES skipulagði frábæra dagskrá sem fólst í því að nemendur skólans sömdu stutt, jákvæð og falleg skilaboð, skrifuðu þau á miða, settu í krukkur og fóru víða um í samfélagið að bera út boðskap vináttu og væntumþykju. Nemendur og starfsfólk Barnaskólans klæddust grænum lit þennan dag enda er græni liturinn tákn hins góða og rétta í störfum gegn einelti. Þessi öflugla vinna, sem stunduð hefur verið síðustu ár við BES, hefur skilað þeim árangri að einelti mælist undir landsmetaðtali.

## Lesferill

Á dögnum komu út ný viðmið um lestrarfærni frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þróuð hafa verið skimunar- og stöðupróf í lestri sem hlotið hafa heitið Lesferill. Markmið með þessu er að auka lesfimi en lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt. Vinna með lesferil hefur þegar hafist við BES.

## Súputónleikar

Sunnudaginn 30. október fóru fram hinir árlegu súputónleikar BES en þeir eru samstarfsverkefni barnaskólans og Tónlistarskóla Árnesinga. Mikið fjölmenni var á tónleikunum, vel á annað hundrað manns. Hugrún matráður skólans snaraði fram dásemdar súpu sem mæltist vel fyrir í lok tónleika. Frjáls framlög gesta verða nýtt í kaup rafmagnspíanói fyrir tónmennta- og kórakennslu í skólanum.



## Skólavökurnar

Sá háttur hefur verið hafður á hjá okkur í BES að kynna skólastarf vetrarins á svokölluðum skólavökum sem haldnar hafa verið í september eða október síðustu ár. Þar hefur verið farið yfir áherslur í starfi skólans, starfsmenn kynntir og nemendur 10. bekkja selt súpu til fjáröflunar fyrir skólaferðalag. Skólavökurnar hafa virkað mjög vel, svo vel að þær eru nú þegar orðnar fastur hluti af skólastarfi Barnaskólans.

## Desemberdagskráin

Í desember verður biðin eftir jólnum gerð starfsfólki og nemendum bærillegri með þéttari dagskrá. Dagskránnar má sjá hér að neðan.

## Jóladagskrá Í desember 2016

**Fimmtudagur 1. desember** - Skreytingadagur/dagur ísl. tónlistar/rauðufatadagur/sparinesti

**Þriðjudagur 6. desember** - Jólasöngur/Jólagluggi opnaður á Eyrarbakka

**Föstudagur 9. desember** - 10. bekkur í leikhús á Selfossi

**Miðvikudagur 14. desember** - Jólasöngur/Gestir frá leikskólanum

**Föstudagur 16. desember** – Jólasöngur/Innganga í heilsueflandi grunnskóla

**Mánudagur 19. desember** – Jólasöngur

**Þriðjudagur 20. desember** – Litlu jól leikskólanna

**Miðvikudagur 21. desember** – Litlu jólin

Sungið verður að loknum fyrstu frímínútum